

1033. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 28. október 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Kristinn Örn Jóhannesson, Bjarki Steingrímsson, Ágúst Guðbjartsson, Benedikt Vilhjálmsson, Bergur Þór Steingrímsson, Guðrún J. Ólafsdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Jón Magnússon, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson, Sigríður Stefánsdóttir, Þorlákur Jóhannsson og Stefanía Magnúsdóttir, sem ritar fundargerð. Gestur fundarins voru Haukur Ingi Jónasson ráðgjafi.

Dagskrá:

1. **Fundarsetning**

Kristinn Örn setti fundinn kl. 18:15

2. **Samþykkt fundargerða (1032)**

3. **Framhald kjarasamninga**

Formaður las upp yfirlýsingu forsætisráðherra og fjármálaráðherra um framgang stöðugleikasáttmálans

Einnig las hann yfirlýsingu frá ASÍ

Umræður:

4. **Styrkir**

Umræður.

Samþykktur kr. 250 þúsund styrkur vegna Þjóðfundar.

5. **Réttindi og skyldur stjórnarmanna í VR.**

Kristinn Örn lagði fram tillögu um að samþykktar yrðu viðmiðunarreglur sem ASÍ hefur búið til fyrir stjórnir stéttarfélaga. Afgreiðslu frestað.

Undir þessum lið var tekin fyrir tillaga Bjarka um að fá utanaðkomandi endurskoðanda honum til aðstoðar við skoðum á bókhaldi VR. Afgreiðslu frestað.

Bókun Bjarka Steingrímssonar:

Ég geri alvarlegar athugasemdir við það að miðstjórn ASÍ breyti viðmiðunarreglum ASÍ þann 7.10.2009 þar sem skoðun mín á bókhaldi VR var þegar hafin og miðstjórnarmenn sem eru viðriðnir skoðun mína voru þar málsðilar. Eins bóka ég að ég mun aldrei taka þátt í að koma að stjórn stéttarfélags sem rekur sig eins og leynifélag gagnvart félagsmönnum sínum.

6. **Önnur mál**

Guðrún Jóhann bar upp tillögu um að félagsfundur um aðild að ASÍ yrði boðaður – helst þann 11.nóvember. Vísað frá. Formanni falið að halda almennan félagsfund.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 20:35